

5. DKG-fundur vetrarins haldinn í Sunnulækjarskóla á Selfossi 13.feb 2017.

Gestgjafi fundarins: Sigfríður Sigurgeirsdóttir.

1. Ingibjörg Þorleifsdóttir formaður Epsilondeildar setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.
2. Þá var nafnakall viðhaft og las Ingibjörg formaður upp nöfn félagskvenna og bað fyrir kveðjur. 20 konur voru mættar.
3. Sigfríður ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
4. Aðalefni fundarins að þessu sinni var kynning systur okkar Ingibjargar Ingadóttur á meistararitgerð sinni. Rannsóknarverkefni hennar fjallar um óhefðbundna enskukennslu fyrir fullorðna. Ræddi Ingibjörg m.a. um mikilvægi þess að efla áhugahvöt nemenda og byggja efnisval og nálgun kennslunnar á styrkleikum þeirra frekar er þurru stagli. Benti hún t.d. á hvernig tónlist sem allir þekkja getur verið sameiginlegur grunnur til að byggja á og vinna með í tungumálanámi og þannig aukið áhuga og orðaforða hvers og eins. Þá kom hún inn á það hversu mikilvægt er að bjóða uppá skapandi kennsluhætti í námi fullorðinna og hvernig það geti viðhaldið áhuga nemenda í námsferlinu öllu.
5. Dregið var úr happdrættinu okkar góða og hlaut Ásborg Arnþórsdóttir vinninginn að þessu sinni.
6. Þá sagði Sigfríður okkur stuttlega frá Sunnulækjarskóla, fyrirkomulagi og kennsluháttum í 1.-4.bekk.
7. Önnur mál. Aðeins var rætt um fyrirhugað Landsambandsþing sem haldið verður á Akureyri í vor og fyrirkomulag ferðarinnar. 10-12 konur koma til með að fara á þingið úr Epsilon-deild.
8. Næsti fundur verður 25.mars n.k. í Þorlákshöfn.
9. Fleira ekki gert og fundi slitið.
10. Að loknum fundi var farið á veitingahúsið Menam á Selfossi, þar sem austurlenskur matur var snæddur með bestu lyst.

Sigfríður Sigurgeirsdóttir, ritari